

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 1239/2018 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjógvanir sem veittar eru án sammings við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein:
Tæknifrjóggun hefst með því að kynfrumum, eggjum eða sæði, er safnað. Kynfrumur eru ýmist frystar eða egg frjógvað og tilbúnir fósturvísar frystir eða settir upp. Hverri meðferð lýkur með einni uppsetningu fósturvísar eða fósturvísa, óháð því hve margir fósturvísar kunna að hafa orðið til í ferlinu.

2. gr.

B-liður 3. tl. 3. gr. reglugerðarinnar skal orðast svo: Fyrir að þýða egg og frjógva, sbr. a-lið 3. tl., eða eina uppsetningu á fósturvísi sem hefur verið frystur.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 19. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 21. júní 2023.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.